

Mál nr. 21/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging sjómanna.

Frávísunarkrafa. Mat á umfangi líkamstjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. febrúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum máls kemur fram að M slasaðist við vinnu sína sem sjómaður 22. nóvember 2020 og hefur V fallist á að hann eigi bótarétt úr slysátryggingu sjómanna. Í málinu liggja fyrir þrjár matsgerðir þar sem afleiðingar slyssins eru metnar, þ.e. utanréttarmatsgerð, matsgerð örorkunefndar og matsgerð dómkvaddra matsmanna. Í málskoti kemur fram að M byggir á því að leggja eigi matsgerð Örorkunefndar, dags. 3. nóvember 2023, til grundvallar útreikningi og greiðslu bóta vegna slyssins. Komst örorkunefnd m.a. að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski M vegna afleiðinga slyssins væri 15 stig og varanleg örorka 35%. Í málskoti færir M ítarleg rök fyrir því að leggja beri framangreint mat til grundvallar uppgjöri í málinu.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 13. febrúar 2025, kemur m.a. fram að V er ósammála því að leggja beri matsgerð örorkunefndar til grundvallar uppgjöri. Aðallega byggir V þó á því, með vísan í 3. og 4. gr. samþykktar fyrir nefndina, að vísa beri málinu frá. Hvað frávísunarkröfuna varðar nánar þá bendir V á að í 3. gr. samþykktanna komi fram að nefndin fjalli um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu auk annars ágreinings sem varði ákvæði laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og laga um dreifingu vátrygginga nr. 62/2019. Þá er á það bent að nefndin fjalli um ágreining varðandi fjárhæðir á milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila en neytanda sé þó heimilt, án samþykkis, að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir að lámarki 25.000 og hámarki 5.000.000. Auk þess komi fram í 4. gr. samþykktanna að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það flókin eða yfirgripsmikil að meðhöndlun hamli skilvirkni nefndarinnar. Telur V að mál M sé þess eðlis, þ.e. að ljóst sé að ef nefndin ætti að yfirfara örorkumöt og taka afstöðu til bótakrafna við uppgjör líkamstjónamála þá myndi slíkt hamla skilvirkni nefndarinnar. Þá færir V einnig þau rök að í málinu sé deilt um atriði sem eigi undir frjálst sönnunarmat dómara, sbr. VI. kafla laga um meðferð einkamála. Þá snúist ágreiningurinn einnig um fjárhæðir sem séu mun hærri en framangreind fjárhæðarmörk, þ.e. 5.000.000 krónur, miða við. Þessu til viðbótar bendir V á að ef nefndin þrátt fyrir framangreint kemst að þeirri niðurstöðu að ágreiningurinn eigi undir starfssvið nefndarinnar þá telji félagið ljóst að niðurstaða dómkvaddra matsmanna gangi almennt framar mati Örorkunefndar. Færir V ítarleg rök fyrir þeirri niðurstöðu.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 27. mars 2025, er m.a. að finna frekari rök fyrir því að rétt sé að leggja niðurstöður Örorkunefndar til grundvallar uppgjöri í málinu.

Álit.

Ekki er deilt um það í málinu að M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr slysátryggingu sjómanna hjá V. Ágreiningurinn snýr að því hvort málið eigi undir nefndina og ef svo er hvaða matsgerð beri að leggja til grundvallar útreikningi og greiðslu bóta í málinu. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að eins og ágreiningi er háttað í þessu máli beri að vísa því frá með vísan í 3. gr. samþykktar fyrir nefndina. Eins og rakið er að framan er neytanda heimilt, án samþykkis, að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir að lámarki 25.000 og hámarki 5.000.000. M byggir á því í málalíðun sínum að leggja beri matsgerð Örorkunefndar til grundvallar útreikningi og greiðslu bóta í málinu. Þegar horft er til fyrirbyggjandi upplýsinga um árslaun M fyrir slys og að Örorkunefnd mat varanlega örorku hans af völdum slyssins 35%, telur nefndin einsýnt að M byggir á því að hann eigi rétt á bótum sem eru talsvert hærri en það 5.000.000 hámark sem fram kemur í samþykktunum. Með vísan til þessa og afstöðu og krafna V í málinu, er það niðurstaða nefndarinnar að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá þegar af

framangreindri ástæðu. Vegna þeirrar niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málstæður aðila.

Niðurstaða.

Kröfu M um að matsgerð Öorkunefndar, dags. 5. nóvember 2023, verði lögð til grundvallar greiðslu bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V vegna afleiðinga sjóslyss hans þann 22. nóvember 2020, er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir